

**Nd.**

**736. Breytingartillögur**

**[237. mál]**

við frv. til l. um þýðingarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. 3. gr. hljóði svo:

Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.

Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.

2. Ný grein, er verði 4. gr., hljóði svo:

Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

3. 5. gr. (sem verði 6. gr.) hljóði svo:

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda. Skal þar kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir.

4. Ný grein, er verði 7. gr., hljóði svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.